

81.fundargerð Hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis

Fundur haldinn á kaffistofu Glerárskóla þann 13.janúar 2015.

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Sigurður Magnússon, Helgi Stefánsson og Pétur Örn.

Fjarverandi eru Óskar og Guðmundur

1. Strætisvagnar í hverfinu okkar.

Nefndarmönnum finnst hraði hafa aukist hjá Strætisvögnunum í hverfinu okkar og finnst 30 km hraðamörkin ekki virt. Gott væri ef því yrði komið áleiðis til þess er málið varðar.

2. Grill í Seljahlíðarreitinn og kvenfélagsreitinn

Í desember var rætt við fyrirtæki hér í bæ um að smíða fyrir okkur grill sem okkur langar að hafa í þessum reitum. Þetta eru mjög sérstök grill og hafa þann eiginleika að um 6 fjölskyldur geta grillað í einu á grillborðinu. Helgi var búinn að skoðar fyrir okkur nánari tilboð í grillin og taka fyrirtækin vel í að gera þetta fyrir okkur. Fyrir liggur nú að kynna þessi grillborð fyrir Akureyrarbæ og spurt er : hver vill leyfa þessi grillborð í reitina ?

3. Undirgöngin í holtahverfi

Spurt er hvort skapast geti snjóflóðahætta ofan við undirgangamunann, báðum megin.

4. Mokstur gangstétta

Nefndinni finnst lítið hugsað um mokstur gangstétta þegar snjórinn liggur yfir öllu. Sérstaklega hjá leikskólanum Hlíðarból þar sem ekki er hægt að ganga á gangstéttinni meðfram leikskólanum og því þurfa börn og fullorðnir að ganga á götunni á leið sinni í leikskólann.

5. Krossanesbraut

Ekki hafa nefndarmenn gefist upp á að skoða lausnir vegna Krossanesbrautar. Umræða varð um þessa miklu umferðargötu.

6. Frisbee völlum

Nú sjá nefndarmenn fyrir sér að Frisbee völlum muni koma til með rísa í hverfinu og gleðjumst við yfir því. Eigum við von á að sjá hann uppsettan um sumartímann.

Næsti fundur verður 4.febrúar n.k

Hverfisnefnd Holta og Hlíðahverfis